


## MYNDLISTASÝNINGAR Á KJARVALSSTÖÐUM



Rut Rebekka Sigurjónsdóttir

Morgunblaðið/Bjarni

Rut Rebekka:

## Málverk og grafíkmyndir

Rut Rebekka Sigurjónsdóttir opnar sýningu á málverkum og grafíkmyndum á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardaginn 23. febrúar.

Þar sýnir hún 43 myndir, unnar í olíu og akrýl auk silkiþrykks.

Rut Rebekka stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík á árunum 1975—1978. Hún útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1982. Síðastliðið sumar dvaldi hún í gistingustofu í Danmörku á vegum Nordisk Kunstcenter.

Hún hefur tekið þátt í nokkrum

samsýningum, við opnun Gerðubergs árið 1983, haustsýningu FÍM á Kjarvalsstöðum 1983 og sýningu í Riggs Gallery í Kaliforníu í Bandaríkjunum 1984. Auk þess hefur hún haldið einkasýningar í Bókasafni Mosfellssveitar 1984 og í Viborg í Danmörku 1984.

Sýningu Rutar Rebekku lýkur 10. mars n.k. og er hún opin frá kl. 14.00 til 22.00.

Opið til kl. 20.00 í kvöld og kl. 10—16 á morgun, laugardag

Þykkvabæjar  
franskar

59.-  
pokinn

Gevalia kaffi

37.50  
pr. pk.

Lambahakk

169.-  
kr. kg.

Nú eldar eiginmaðurinn...

Konudagssteikin

ávaxtafyllt bac-  
on-steik tilbúin í  
ofninn

149 kr. kg.

Frón matarkex

39.60  
pr. pk.

20 servíettur í

pakka 39 kr.

Ódýrt!

Íþróttasokkar

69 kr.

Svartir og hvítir pottar 447—555 kr.

Barna- og unglíngakörfustólar 840 kr.



VÖRUMARKAÐURINN

Meira fyrir minna

Páll Guðmundsson:

## Opnar höggmyndasýningu

PÁLL Guðmundsson á Húsafelli opnar höggmyndasýningu á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag. Sýningin stendur til 10. mars nk. og er opin frá 14—22.

Páll var við nám í Myndlistaskólanum árin 1977—1982 og útskrifaðist úr málaradeild. Hann lærði höggmyndalist hjá Björgvin Sigurgeir Haraldssyni auk þess sem hann hefur lært mikið af öldungnum Hallsteini Sveinssyni.


Flestar myndir Páls eru unnar úr rauðu grjóti og bláu sem tekið er úr bæjargilinu ofan við Húsafell, en það er gömul hefð að vinna úr þessu grjóti, aðallega legsteinna. Myndir Páls eru unnar með meitlum og slaghómrum og jafnvel vírbursta.

Páll Guðmundsson hefur haldið nokkrar sýningar. Árið 1981 sýndi hann í matsal Flugleiða á Reykjavíkflugvelli, salarkynn-

um starfsmanna Brunabótafélags Íslands og í kaffiteríu Loftleiðahótelins. Árið 1982 tók hann þátt í samsýningu ungra myndlistarmanna á Kjarvalsstöðum. Einnig sýndi hann í Borgarnesi og á Kleppjárns-

reykjum árið 1983 og á Landspítalanum árið 1984.

Undanfarin þrjú ár hefur Páll kennt myndlist við grunnskólann í Borgarnesi auk þess að vinna að málun og höggmyndagerð.



Páll Guðmundsson við „Freymóð“.

Morgunblaðið/Bjarni



„Svipur syrgjandi konu“ eftir Margaret Bourke-White.

## Sýning á myndum Margaret Bourke-White

SÝNING á myndum bandaríska ljósmyndarans Margaret Bourke-White (1904—1971) verður opnuð í dag, föstudaginn 22. febrúar, á Kjarvalsstöðum.

Margaret Bourke-White vakti fyrst á sér athygli á þriðja áratugnum fyrir afar sérstæðar myndir úr bandaríska þungaiðnaðinum. Hún hefur þó hlotið mesta frægð fyrir myndir sem reynst hafa markverðar heimildir um sögulegustu tímabil aldarinnar.

Margaret Bourke-White starfaði við tímaritið Life frá stofnun þess og tók hún m.a. fyrstu myndina sem var á forsíðu tímaritsins.

Valið var úr u.þ.b. 20.000 myndum eftir Bourke-White á þessa sýningu, sem er farandsýning. Sýningin skiptist í eftirtalda þætti: Sovétríkin (1930—1932, 1941), Suðurriki Bandaríkjanna (1936), Tékkóslóvakía (1938), Ítalía (1943), Þýskaland (1945), Indland 1946—1948), Suður-Afríka (1950), Kórea (1952) og Norður Ameríka (1934—1954).

Ljósmyndasafnið, Menningarstofnun Bandaríkjanna og Kjarvalsstaðir standa að uppsetningu á sýningunni. Hún stendur til 10. mars nk. og er opin frá kl. 14—22.

Kristjana Samper:

## Sýnir skúlptúr

Kristjana Samper opnar skúlptúrsýningu á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardaginn 23. febrúar. Þetta er fyrsta einkasýning Kristjónu.

Á sýningunni eru 23 verk, unnin í leir og brennd með mismunandi tækni og eitt verk sem steyp er í brons. Flest verkanna eru unnin á sl. tveimur árum.

Kristjana stundaði myndlistarnám við Myndlistaskólann í Reykjavík 1962—1963, Myndlista-

og handíðaskóla Íslands árin 1975—1979 einnig stundaði hún nám við leirskúlptúrdeild og málmsteypudeild University of Arizona 1980—1981.

Sýning Kristjónu stendur til 10. mars nk. og er hún opin frá kl. 14.00—22.00.



Kristjana Samper við mynd sína „Frjáls“.

Morgunblaðið/Bjarni